

Stafirnir mínir slá, slá núna... það er gaman.

Stafirnir mínir

Staðfært: SP

Enskt lag

Staf - irn - ir mín - ir slá, slá nún - a, slá, slá nún - a, slá, slá nún - a.

Staf - irn - ir mín - ir slá, slá nún - a, það er gam - an!

1. Stafirnir mínir slá, slá núna... það er gaman.	Stöfunum er slegið saman. Haldið laust um endann á öðrum stafnum og slegið létt á hann með hinum.
2. Stafirnir mínir tromma núna... það er gaman.	Trommað til skiptis á gólfið með stöfunum.
3. Stafirnir mínir snertast núna... það er gaman.	Stöfunum er haldið lárétt og þeir látnir til skiptist snertast og færast frá hvor öðrum.
4. Stafirnir mínir nuddast núna... það er gaman.	Stöfunum er haldið saman lóðrétt og þeir látnir nuddast upp og niður.
5. Stafirnir mínir sofa núna... Suss, uss, suss, uss.	Stafirnir eru lagðir hægt og rólega á gólfið svo ekkert heyrir.

Áður en sungið er um stafina er þessi mismunandi ásláttur æfður og hlustað eftir hvernig heyrir og einnig æfð hreyfingin þegar ekkert heyrir.

Sjá einnig umfjöllun um stafi í bókinni *Tónlist í leikskóla* bls. 59 og 128-129.